

**Sp.**

**688. Nefndarálit**

**[53. mál]**

um till. til þál. um námskostnað.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Minni hluti allsherjarnefndar hefur sent frá sér álit um greinda þáltill., án þess að hún væri fullrædd í nefndinni. Meiri hluti nefndarinnar var reiðubúinn til að afgreiða málið með svofelldri

**BREYTINGU:**

Tillgr. orðist þannig:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi greinargerð um stuðning hins opinbera við nemendur á skyldunáms- og framhaldsskólastigum:

- a) í þéttbýli,
- b) í sveitum,

og sundurgreinist síðari liður eftir heimgöngu- og heimavistarskólum.

Þá fylgi greinargerðinni ályktun ríkisstjórnarinnar um, hvort og þá með hvaða hætti hún telji gerlegt að auka fjárhagslegan stuðning hins opinbera við þá nemendur á skyldunáms- og framhaldsskólastigum, sem óhjákvæmilega verða að vista sig til langs tíma utan heimila sinna vegna skólagöngu.

Minni hlutinn hafði óskað frests til athugunar. Að fram komnu álitum minni hlutans leggur meiri hluti nefndarinnar til, að þáltill. verði samþ. með framangreindu orðalagi.

Alþingi, 19. apríl 1968.

Bragi Sigurjónsson,  
form., frsm.

Jónas Pétursson,  
fundaskr.

Matthías Bjarnason.

Friðjón Þórðarson.